

MUN HATRIÐ SIGRA?

Í Hatara eru 2 söngvarar, 1 trommari og 3 dansarar, hvað eru þau mörg í atriðinu?

Hatari fer með flugvél til Ísrael. Hver meðlimur í Hatara má taka með ferðatösku sem er 23kg. Hvað eru það mörg kíló (kg) samtals?

Hatari er tvær vikur í Ísrael og notar hver Hatari tvo búninga á dag. Hvað þarf að taka marga búninga með í ferðina?

Í Eurovision er hvert lag 3 mínútur. Á þriðjudaginn komust 10 lög áfram. Hvað eru það margar mínútur samtals?

Á úrslitakvöldinu eru 25 lög í keppninni. Hvað tekur margar mínútur að flytja öll lög?

Fyrsta auglýsingarhléið er eftir 21 mínútu. Hvað er þá búið að flytja mörg lög?

Hatari drekkur uppáhalds drykkinn sinn, Sodadream, þegar þau eru búin að spila lagið sitt. Hver og einn drekkur 4 flöskur, hvað eru það margar flöskur samtals?

Hatari fer með flöskurnar í endurvinnsluna og fær 16 kr. fyrir hverja flösku. Hvað fá þau mikið samtals fyrir að skila flöskunum?

Hildur heldur Eurovision party og kaupir snakk. Poki af flögum kostar 245 kr. og poki af skrúfum kostar 468 kr. Hvað kostar snakkið samtals?

Hversu miklu munar á poka af flögum og poka af skrúfum?

Í partyinu eru samtals 8 gestir og Hildur kaupir 24 flöskur af gosi. Hvað má hver gestur drekka margar flöskur af gosi?

Flaska af appelsíni kostar 239 kr. og flaska af sóðavatni kostar 134. Hver er mismunurinn?

Hvert atkvæði í Eurovision kostar 139 kr. Hildur hringir þrisvar sinnum inn. Hvað þarf Hildur að borga mikið fyrir atkvæðin?